

Þetta skjal þarf þátttakandi í „Paintball“ hjá Ævintýraferðum, að lesa vandlega áður en hann staðfestir að hafa kynnt sér efni þess með undirritun sinni.

Til þess að mega taka þátt í „Paintball“, nota aðstöðu og tæki Ævintýraferða, samþykki ég undirrituð/undirritaður eftirfarandi skilmála þeirra:

Ég skil og viðurkenni að þátttöku minni í „Paintball“ fylgir áhætta.

Ég hef fengið leiðbeiningar frá starfsmanni Ævintýraferða um öryggis- og leikreglur í „Paintball“ og samþykki að fara eftir þeim í einu og öllu.

Ég hef greint þeim sem hefur yfirumsjón með „Paintball“ fyrir Ævintýraferðir, frá þeim sjúkdómi/sjúkdómum sem hrjá mig og geta haft áhrif á hæfni mína til að taka þátt í leiknum, t.d. flogaveiki, astma eða sykursýki og hvaða lyf ég tek við honum/þeim.

Ég geri mér grein fyrir því, að ábyrgð Ævintýraferða tekur aðeins til slysa sem rekja má til galla á þeim búnaði sem fyrirtækið leigir til leiksins, eða rangrar notkunar hans af starfsmönnum Ævintýraferða eða vanrækslu af þeirra hálfu.

Ég ber sjálf/sjálfur alla ábyrgð á þeim skaða sem ég hef sjálf/sjálfur valdið og rekja má til gáleysis af minni hálfu eða þess að ég hafi ekki farið eftir þeim leiðbeiningum sem ég hef fengið frá Ævintýraferðum.

Ég er hvorki undir áhrifum áfengis eða lyfja.

LEYFI TIL AÐ LEITA LÆKNISAÐSTOÐAR FYRIR ÞÁTTTAKANDA

Ef þátttakandi er yngri en 18 ára, gefur undirritað foreldri hans eða forráðamaður, Ævintýraferðum hér með leyfi til að leita bráðaástoðar læknis fyrir þátttakanda meðan á leik stendur, telji starfsmenn þeirra það nauðsynlegt vegna einhvers þess atviks er upp kann að koma.

ÉG HEF LESIÐ OFANGREINDAN TEXTA OG STAÐFESTI MEÐ UNDIRRITUN MINNI AÐ ÉG ER EFNI HANS SAMÞYKKUR Í EINU OG ÖLLU. ÉG LÝSI ÞVÍ YFIR, AÐ ÉG MUN EKKI GERA ÆVINTÝRAFERÐIR ÁBYRGAR FYRIR NEINUM ÞEIM LÍKAMLEGUM SKAÐA SEM ÉG KANN AÐ VERÐA FYRIR EÐA SKAÐA Á EIGNUM MÍNUM, VEGNA VANRÆKSLU AF MINNI HÁLFU.

Nafn _____ Kennitala _____

Sími _____ Heimilisfang _____

Undirskrift _____ Dagsetning _____

Undirskrift forráðmanns vegna farþega undir 18 ára aldri _____